



Matvælaráðuneyti
Borgartún 36
105 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 26. október 2023


Efni: Drög að breytingu á reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda

Á Samráðsgátt eru til umsagnar drög að breytingu á reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda.

Meginmarkmið frumvarpsins hefur það í för með sér að matvælaframleiðendur sem selja í eigin hagnaðarskyni, með gilt starfsleyfi, þurfa ekki lengur að sækja um tímabundið starfsleyfi, svokallað torgsöluleyfi, til að geta tekið þátt á matarmarkaði, að því gefnu að ábyrgðaraðilar markaða séu með tiltæk leyfi.

Samtök iðnaðarins fagna fyrirhugaðri reglugerðarbreytingu og taka undir sjónarmið Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli sem birtast í umsögn þeirra á Samráðsgátt um málið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði